



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Mætt á fundinn : Ingvar Sverrisson,
Örn Andrésson,
Lilja Sigurðardóttir,
Jónas Sigurðsson
Gígja Gunnarsdóttir,
Þórdís Gísladóttir
Viggó Viggósson,
Guðrún Ósk Jakobsdóttir,
Haraldur Baldursson,

Frimann Ari Ferdinandsson

1506. stjórnarfundur,

23.3. 2011 kl. 11:30.

1. Fundargerð 1505. fundar.
Samþykkt.
2. Íþróttapening – þingfulltrúar stjórnar ÍBR.
Stjórn ÍBR hefur 4 fulltrúa og 4 til vara. Formaður og framkv.stjóri ganga frá skipan fulltrúa á þingið.
3. Þing ÍBR – tillögur stjórnar.
Drög að tillögum lagðar fram.
4. Erindi ÍFR vegna getrauna.
Málið kynnt og rætt. Ákveðið að funda með Íslenskum getraunum.
5. Verkefnastyrkir
Áætlun um verkefnasjóð samþykkt. Ákveðið að halda áfram að prenta árlegan kynningarbækling. Ákveðið að halda áfram með árlegar sumar- og vetrargjafir með breyttu sniði.
6. Verkefnasjóður.
Samþykkt að Kn.félagið Afríka fái kr. 75þ til heimasíðugerðar. KR kr. 150þ. til eflingar kvennastarfi. Sportklúbbur Árbæjar, Fylkir og Ársel, kr. 50þ. v/vorferðar.
7. Bardagaíþróttafélag Reykjavíkur – aðildarumsókn.
Samþykkt að setja í hefðbundinn farveg. Leitað verði umsagnar ÍSÍ á lögum félagsins og í ljósi framkominna athugasemda kannað með heimildir ÍBR til að stýra því hvar félag hafa aðstöðu.
8. Golfklúbbur Brautarholts – aðildarumsókn.
Samþykkt að setja í hefðbundinn farveg og leita umsagnar ÍSÍ á lögum félagsins.
9. Vinnuhópur ÍBR og ÍTR um upplýsingavef.
Ákveðið að Jónas og Viggó verði fulltrúar ÍBR í vinnuhópnum.
10. Afreksíþróttamiðstöð
Málið orðið nokkuð skýrt. ÍSÍ og ÍBR munu leiða samningagerð við alla hlutaðeigandi og stefnt er að því að hefja rekstur haustið 2011.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.20

Jónas Sigurðsson
fundarritari